



Nýársávarp  
forseta Íslands  
Vigdísar Finnbogadóttur  
1. janúar 1987

Góðir landsmenn, góðan dag, gleðilegt ár.

Enn á ný sem svo oft áður höfum við verið minnt á það hversu óblíð náttúruöfl þjóð okkar þarf einatt við að etja. Skuggi hefur hvílt yfir hátíðarhöldum okkar við fregnir af miklum sjóslysum undan ströndum landsins. Á slíkum raunastundum kemur ávallt í ljós hinn mikli samhugur sem býr með Íslendingum. Missir eins er missir fyrir alla. Samúð okkar er einhuga um þessar mundir með fjölskyldum látinna sjómanna og allra annarra sem að hefur verið höggvið. – Að því mæltu flyt ég héðan frá Bessastöðum þær hugleiðingar sem ég vildi fá samtíðarmenn mína til að eiga hlutdeild í við þessi áramót.

„Vér stöndum nú í dyrum nýs árs. Í dag er fyrsti dagur hins fyrsta mánaðar í nýju ári, fyrsti janúar. Mörgum er kunnugt að þetta mánaðarnafn er úr latínumáli og dregið af orði sem merkir bogi eða hlið og einnig er það nafn hinna fornu Rómverja á goðmagni dyra og hliða, sem sýnt var á myndum í líki mannveru með andlit í tvær öndverðar áttir, aftan og framan á höfði. Eins og guðinn horfa dyr bæði út og inn, aftur og fram í senn. Það gera áramótin einnig, mánaðarnafnið minnir oss á það, dyramánuður“.

Þannig hóf Kristján Eldjárn ávarp sitt til þjóðarinnar í ársbyrjun 1978. Þau orð hef ég kosið að gera að mínum nú af ýmsum ástæðum. Á árinu sem nú er nýliðið hefði Kristján Eldjárn orðið sjötugur og það rifjaðist enn upp fyrir okkur hve alltof snemma við máttum sjá á bak svo dýrmætum manni sem hann var.

Kristján Eldjárn hafði gert það að ævistarfi sínu að rýna í fortíðina og grandskoða hana. Engu að síður horfði hann ávallt til framtíðar þegar hann tók til máls fyrir hönd þjóðar sinnar og las í framtíðina í krafti þekkingar sinnar á fortíð og sögu. Og hann tók jafnan til máls með þeim hætti að rækilega var tekið eftir.

Í framhaldi af þeim orðum sem ég vitnaði til úr ávarpi Kristjáns Eldjárns vék hann að því að það að skyggjast um, horfa til átta, væri ríkur þáttur í mannlegu eðli en hins vegar misjafnt til hvernar áttar væri fastast horft. Orð hans voru hvatning til þjóðarinnar um að halda jafnan vöku sinni og gleyma engri áttinni, gleyma hvorki fortíð né framtíð í kappinu eftir stundargæðum.

Hver sá sem stendur í dyrum er jafnan staddur á tímamótum. Hann þarf að taka ákvörðun og oft nokkra áhættu. Víst getur hann kosið að snúast á hæli á þröskuldi sínum og hverfa aftur inni í húsið, una við hið þekkta og heimakunna, fullviss þess að það sé rétt sem í Hávamálum segir að „dælt er heima hvat.“ Allt sýnist mun auðveldara heima fyrir því þar þekkjum við allar aðstæður, vitum hvað getur gerst. Oftar en ella er þó nauðsynlegt að taka aðra ákvörðun: að stíga yfir þröskuldinn, ganga út til móts við hið ókunna, út í það land þar sem fen og foröð kunna að leynast.

Í dyragætt nýs árs eigum við ekki þessara kosta vöð. Okkur stendur ekki til boða að snúa aftur inn í það hús sem var í fyrra heldur er okkur nauðugur sá kosturinn að ganga yfir þröskuldinn. Undan því verður ekki vikist en hins vegar kann það að varða alla heill okkar, alinna og óborinna, með hvaða hugarfari og hverskonar ásetningi við stígum skrefin.

Þær kynslóðir sem nú byggja þetta land, Ísland, hafa stigið stærri skref út í óvissuna en nokkrar fyrri kynslóðir. Á hálfri öld höfum við orðið vitni að þvílíkum breytingum að umhverfi okkar væri óþekkjanlegt fyrir tíðar fólki. Vissulega hefur tæknibyltingin breytt mörgu fyrir öðrum þjóðum en við getum hæglega leitt að því rök að hér á landi hafi umskiptin orðið miklu stórfelldari og sneggri en víðast annars staðar. Þegar við horfum á myndir af fátækt og neyð með öðrum þjóðum hættir okkur til að gleyma hve örskammt er liðið frá því forfeður okkar stóðu andspænis þeim aðstæðum að þeir gerðust landflóttu hundruðum og þúsundum saman. Því það er ekki einu sinni full öld liðin frá vesturferðum Íslendinga, flóttanum mikla frá örbirgðinni, þegar sárafátæku og matarlitlu fólki var beinlínis ýtt úr landi til að létta bagga hinna sem eftir sátu.

Í dyragætt hins nýja árs skiptir miklu að halda áttum, að kunna að skyggjast um áður en lengra er gengið. Þá riður á að kunna að horfa allt í senn aftur og fram og til höfuðáttá.

Hverjum manni er það nauðsyn að staldra við öðru hvoru og freista þess að skilgreina og skilja sjálfan sig, að gera sér grein fyrir eigin verðleikum og hlutverki í samfélagi manna. Þá sem endranær verður hann meðal annars að gera sér grein fyrir siðferðilegri ábyrgð sinni á sjálfum sér. Þá mun hann jafnframt geta gert sér grein fyrir því að næst því að gæta sjálfs sín hlýtur hann að gæta bróður síns.

Á sama hátt er hverri þjóð nauðsyn að vita deili á sjálfri sér, vita hvað það er sem hún hefur til mála að leggja í samfélagi þjóðanna, hvenær það er sem hún getur stolt lagt fram sinn skerf án tillits til stærðar og veraldlegs auðs á heimsvísu, hvenær hún getur krafist þess að menn leggi eyru við rödd hennar, - að á hana sé hlýtt. Það getur ekki sú þjóð sem gleymir að horfa tilbaka vegna þess að henni er ofbirta í augum af nútíð og framtíð. Það getur heldur ekki sú þjóð sem gleymir að taka siðferðilega ábyrgð á sjálfri sér.

Þegar Atli Ásmundarson á Bjargi, bróðir Grettis, gekk um dyr heimilis síns til móts við banamenn sína þótti honum nokkuð til spjótanna koma sem að honum beindust og hafði um þau orð að „þau tíðkast nú hin breiðu spjótin.“ Þar sem við stöndum nú, Íslendingar, í dyrum nýrra tíma beinast að okkur mörg spjót og sum breið. Aldrei hafa menningaráhrif frá öðrum þjóðum átt jafngreiða leið til okkar og nú um stundir og eru þó smáræði ein í samanburði við það sem framtíðin virðist boða. Það er okkur mörgum áhyggjuefni hvort þjóðin muni við þær aðstæður gæta uppruna síns, og geyma þau ómetanlegu verðmæti sem þarf til þess að hún megi kallast sjálfstæð og sérstök þjóð um ókomin ár. Því einmitt án menningararfsins og þeirra andlegu verðmæta sem fyrri kynslóðir hafa skapað virðist hverri þjóð hætta búin. Um það vitna mörg dæmi í reynslusögu mannkynsins.

Með þessum orðum er ég ekki að taka afstöðu með þeim sem jafnan berjast gegn öllu öðru en heimafernum böggum. Ég er ekki að segja að öll erlend áhrif á menningu okkar og lífshætti séu hættuleg. Því fer fjarri. Það er eðli okkar allra að taka við áhrifum, læra af öðrum. Stórmenni sögu okkar voru gagnkunnug erlendum menningarstraumum sinnar tíðar. En þau kunnu líka að fella þá strauma að íslenskum veruleika. Vitanlega þurfum við enn sem fyrr að vera viðtakendur áhrifa – einfaldlega vegna þess að við erum hluti af mannkyni og mannheimi. En hins vegar megum við

aldrei vera svo áköf í nýjungagirmi okkar að við gleymum eigin sérkennum, því sem gert hefur okkur að þjóð og gera mun um ókomna tíð ef rétt er á haldið. Við þurfum að vera sjálfstæðir viðtakendur og kunna enn sem fyrr að laga hið nýja og erlenda að íslenskum aðstæðum. Í því felast töfrar okkar meðal þjóða heims að vera eilítið öðruvísi, með okkar eigin sniði. Þannig getum við komið færandi hendi með sitthvað sem öðrum þykir bragð að.

Á hitt ber einnig að líta að jafnhættulegt menningu og þjóðerni væri að horfa einasta til hins liðna, gleyma vökunni í nútíð vegna draumanna um fortíð. Því hverri hugsandi veru, hverri hugsandi þjóð, er nauðsyn á ögrandi viðfangsefnum, nauðsyn á einhverju nýju að glíma við. Vopn hennar í glímunni við hið nýja og ókunna eru þekking og menntun. Gleymist ekki að afla þekkingar, skipuleggja hana og hlúa að henni munum við ávallt geta tekist á við hið óþekkt og vonandi jafnan hafa nokkurn sigur í þeirri glímu. Án þekkingar og reynslu verður hætt við þungri byltu. Af þeim sökum er okkur svo brýnt að gæta vel að skólum okkar og menningarstofnunum. Þar eru gróðrarreitir þekkingarinnar og þar verður að leggja grundvöll að skilningi okkar á sjálfum okkur, eðli þjóðar okkar og hlutverki. Þannig tryggjum við einnig þekkingu á því menningarsamhengi sem við stöndum í.

Og samhenginu má íslensk þjóð aldrei gleyma. Hvorki hinu sögulega samhengi við fortíðina né heldur samhenginu milli veraldlegra gæða og andlegra gæða, samhenginu milli framleiðsluvöru okkar, þeirrar sem við seljum á markaðstorgum og hinnar sem fólgin er í listum okkar og menningarlífi á öðru sviði. Því aðeins að þetta samhengi sé ljóst getum við gert okkur og öðrum grein fyrir því hvað það er að vera Íslendingur, hvers vegna við getum hiklaust sagt að Íslendingar viljum við öll vera. Það er ekki af því að hér sé betra að sitja við kjötkatlana en annars staðar.

Úr dyragætt áramótanna horfum við til framtíðar og fortíðar í senn. Þekking okkar á fortíðinni verður undirstaða framtíðarsýnarinnar. Og hvernig er framtíðarsýn Íslendinga? Hvernig viljum við til dæmis að aðrar þjóðir líti til okkar og á okkur í framtíðinni? Hver er sú ímynd, sem við viljum sjálf skapa?

Svörin verða eflaust misjöfn. Þó ætla ég að nokkuð verði þeim öllum sameiginlegt. Við munum áreiðanlega öll komast að þeirri niðurstöðu að við viljum að aðrir geti horft til okkar sem sjálfstæðrar menningarþjóðar. Þjóðar sem hefur hiklaust axlað þá ábyrgð sem felst í því að vera hluti mannkyns.

Við viljum geta verið stolt af því sem við höfum til þekkingar og menningar heimsins að leggja. Við viljum geta glaðst yfir sigrum okkar á sem flestum sviðum., hvort heldur er í íþróttum hugar eða líkamans. Við viljum um hver áramót geta horft svipdjörf fram á veg og sagt: Hér komum við, fullgildir þátttakendur í samfélagi þjóðanna.

Um undanfarin misseri hafa lærdómsmenn okkar unnið að því að reyna að átta sig á framtíðinni og lýsa ytri ramma framtíðarsýnarinnar. Margt er þar sem ekkert verður um vitað en þó ber öllum saman um sumt. Þannig er ljóst að hlutföll kynslóðanna raskast svo um munar: miklu fleiri en nokkru sinni fyrr verða í elsta aldursflokknum þar sem fyrirséð er að aldraðir verða full 17% þjóðarinnar upp úr aldamótum og þá um leið mun færri sem sjá þurfa öldruðum, sem skilað hafa sínum hlut til samfélags þjóðarinnar, fyrir góðu og sómaríku ævikvöldi. Óþarfi ætti að vera að vekja athygli á því að þeir sem ungir eru á þessari stundu eldast samtíma öðrum og verða einnig gamlir einn góðan veðurdag, ef þeim auðnast líf sem við öll vonum. Þeir vilja eins og aðrir geta gengið að umhyggju nýrra kynslóða í eigin elli.

Hér er um að ræða þátt komandi tíma sem við vitum um og getum þess vegna búið okkur undir. Þeirra tíma vegna megum við ekki láta nokkurs ófreistað til að efla

menntun og þekkingu barna okkar og búa þau þannig undir þá framtíð sem við viljum eiga með þeim. Því mennt er máttur til að takast á við þær aðstæður sem skapast hverju sinni. Sú þjóð sem gengur til móts við tæknivædda tíma án þess að vera brynjuð þekkingu og almennri menntun, hún mun ekki aðeins tapa fyrstu orrustunni heldur stríðinu öllu. Framtíðin spyr ekki um veraldarauð sem auðvelt er að sóa heldur þekkingu til að skapa auðsæld.

Á nýju ári er gott að minnst mikils sannleika sem felst í skoðun Einars skálds Benediktssonar og hann setti fram í *Dagskrá* sinni fyrir réttum hundrað árum, í tilefni þess hve fólk var vanbúið til að mæta framtíðinni á ættjörð sinni og neyddist til að segja skilið við hana. „Mesti og besti auður hvers lands,“ ritar hann, „er fólkíð sjálft, sem lifir þar, hugsar og starfar ...“ Þessi orð skáldsins brýna okkur til að búa æsku Íslands sem best undir að eiga hér heima með víðsýni yfir heimsbyggðina, til fyrirmyndar í hagleik og kunnáttu. Til þessa markmiðs megum við aldrei spara sameiginlega fjármuni okkar, því þannig er þeim varið til þjóðarheilla, – til heilla okkur sjálfum hverju og einu.

Því beini ég þeim orðum til þeirra sem ábyrgð bera á nánasta umhverfi sínu eða heildinni allri að láta það aldrei úr huganum hverfa að við eigum engan auð meiri en mannfólkið sjálft og að við skuldum hverri mannveru að rækta hana til þeirra verðmæta sem enginn getur frá henni tekið – og það eru þekking og menntun: meginatriði sem í framtíðinni verða höfuðundirstaða þess sem í askana verður látið.

Gleðilegt nýár, gleðiríka framtíð.